

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjalddaga útflutningsgjalds. 156
 — Ráðgjafinn hefir fengið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 20. maí. þ. 17. júlí. á. og hafið þjer í því látið álit yðar í ljósi um kvörtun, er fram er komin frá P. C. Knudtson & Søn um, að bæjarfógetinn í Reykjavík hafi heimt af þeim útflutningsgjald samkvæmt lögum 4. nóv. 1881 af nokkru af fiski og hrognum, sem í lok síðasta árs var á Hafnarfirði flutt í skipið «Ane Kjerstine», og var það afgreitt til Spánar 20. desbr. f. á., en fór svo frá Hafnarfirði til Reykjavíkur og bætti þar við farm sinn og hjelt svo þaðan til útlanda í öndverðum janúarmán. þ. á. Um þetta efni lætur ráðgjafinn eigi hjá líða, að tjá yður það, er hjer greinir, til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Með því að lögin 4. nóv. f. á. náðu fyrst gildi við byrjun þessa árs, verður það að vera komið undir skilningnum á ákvörðun 3. greinar laganna um innheimtu-tíma tollsins, hvort upphæð sú, er hjer ræðir um, hafi rjettilega heimt verið eða ekki. Þjer hafið nú í þessu efni látið þá skoðun í ljósi, að ávalt beri að heimta tollinn af allri hleðslu *verzlunarskipa*, sem taka farm sinn í fleiru en einu lögsagnarumdæmi, um leið og skipið er afgreitt frá þeim stað, er það síðast kemur við á Íslandi. Að þessi væri reglan, lá nú að vísu í frumvarpi því, sem fyrir alþingi var lagt, eptir því sem það var orðað, enda virðist það í sjálfu sjer að vera hagfeldast og eðlilegast. En ráðgjafinn verður að álíta, að þessi regla geti eigi samþýðzt við tjeða lagagrein, eins og hún nú er orðuð, eptir að alþingi breytti henni, er það fjallaði um málið. Því að þótt alþingi kunni að eins að hafa haft fiskiskip þau fyrir augum, sem síðasta málsgrein 1. gr. laganna hljóðar um, þá hlýtur þessi (3.) gr. einnig að ná til verzlunarskipa, sem fermd eru tollskyldum vörum, sem út á að flytja, því ella vantaði í lögin ákvörðun um tollgreiðslu slíkra skipa. Við þetta bætist nú, að orðin «höfn, sem það (skipið) leggur af stað frá», sem í stjórnarfrumvarpinu var haft um höfn þá, er skipið lagði af stað frá til útlanda, verður í lögunum að eins skilið um höfn þá, er skipið leggur af stað frá, *hvort heldur* er til annara lögsagnarumdæma í Íslandi eða til útlanda, og verður auðvitað skilningurinn hinn sami, hvort sem talað er um verzlunarskip eða fiskiskip, og því verður, að álitu ráðgjafans, að skilja ákvörðun þá, sem hjer er um að ræða, þannig, að tollinn beri að greiða í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig af þeim fiski o. fl., sem þar er í það látinn og til útflutnings er ætlaður, án tillits til, hvort skip það, sem flytur hann út, er verzlunarskip, sem tekur við farmi í fleirum lögsagnarumdæmum en einu, eða fiskiskip, er rekur veiðar í fleiri lögsagnarumdæmum en einu. Það verður heldur eigi betur sjeð, en að ástæða sú, sem í hlutaðeigandi nefndarálitu er færð fyrir breyting þeirri, sem gjörð var á 3. grein stjórnarfrumvarpsins, nefnilega tryggingarauki á eptirlitinu með rjetttri tollgreiðslu, eigi eins vel heima um verzlunarskip sem um önnur skip, með því að þau geta, eigi síður en fiskiskipin, þótt láta afgreiða sig til innlendrar hafnar, og þó farið beint til útlanda.

Af þessu leiðir, að álitu ráðgjafans, að eigi hefir heimild til verið að krefja P. C. Knudtson & Søn um útflutningstoll af vörum þeim, sem fluttar voru um borð í Hafnarfirði áður en útflutningsslögin náðu gildi; en aptur ber að greiða spítalagjald af fiski þessum, sjá lög 4. nóv. 1881, 9. gr., sbr. við bráðabirgðalög 16. febr. þ. á. og hefir því ráðstöfun verið til þess gjörð, að 119 króna 15 aura upphæð sú, sem verzlunarhúsið greiddi með skilyrði af fiski þessum, verði endurgoldin því úr aðalfjárhirzlunni.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til að afstýra hallæri. 157
 17. dag ágúst. 1882. 18. júlí.

157 — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með brjefi 26. f. m. sent hingað brjef frá amt-
18. júl. manninum í vesturumdæminu, er tekur fram, hver nauðsyn á því sje, að sjerstaklegar ráðstafanir verði gjörðar, til að afstýra hallæri því, er sakir vorharðinda og skepnufellis, er af þeim leiddi, vofi yfir fólkinu í ýmsum sýslum landsins á komanda vetri, og liggja þegar fyrir skýrslur um þetta efni úr Dalasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu; hafið þjer, herra landshöfðingi, látið í ljósi í brjefi yðar, að nauðsyn bæri til að veita sýslufjelögum þeim, er hlut eiga að máli, styrk úr viðlagasjóði eða landssjóði.

Það er nú hvorttveggja, að þjer þykizt eigi heimild til hafa að veita slíka hjálp á annan hátt, en sem lán, er 4% greiðist af í vöxtu og endurgoldin skuli í síðasta lagi að 10 árum liðnum, en það þykir fyrirsjáanlegt, að þörf muni gjörast stærri lána, en sýslufjelögin sjeu fær um að endurgjalda og ávaxta á þennan hátt, enda hefir og amtmaður ráð fyrir því gjört, að fjárveitingavald landsins myndi veita ýmsum sýslufjelögum styrk á annan hátt, en með láni úr viðlagasjóði eða landssjóði með venjulegri ávöxtun og afborgun; hafið þjer því lagt það til, að yður mætti veitast sjerstök heimild til, að veita einstökum sýslufjelögum að láni þá upphæð, sem sýslunefndirnar að fengnum skýrslum hreppsnefndanna og samþykki amtsráðsins álíta óhjákvæmilega nauðsynlega til að afstýra hungursvoða í hverri sýslu um sig, og að þjer megið ákveða þá ávöxtunar- og endurgreiðslu-skilmála fyrir lánnum þessum, sem sveitarstjórnarvöld þau, er í hlut eiga, álíta sýslufjelögin fær um að halda.

Af þessu tilefni lætur ráðgjafinn eigi hjá liða að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar, að hann fellst á tillögu yðar, þá er að ofan er skráð, svo að þá er lán þessi verða veitt, verði fyrirvari um það hafður, að fullnaðar-ákvörðun verði þá fyrst gjörð um ávöxtunar- og endurgreiðslu-skilyrðin, er færi hefir á gefizt að semja við alþingi það, er næsta ár á saman að koma.

158 — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um verzlunar-
25. júl. skýrslur. — Útaf fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, frá 19. þ. m. vil eg tjá yður að öll skip sem koma á einhvern verzlunarstað og fara frá honum eiga að ritast á skýrsluna, um komin og farin skip, og verður við þau skip, er engar vörur hafa meðferðis, að gjöra athugasemd um það.

159 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um að
26. júl. afstýra yfirvofandi hallæri. — Í gærðag hafið þjer, herra amtmaður, brjeflega skýrt mjer frá gjörðum amtráðsins í vesturamtinu á amtráðsfundi 18.—20. þ. m. að því er snertir ráðstafanir þær, er um var røtt í brjefi mínu 26. f. m., til að afstýra hallæri í hinum ýmsu sýslum amtsins; hafið þjer þar með sent mjer öll skjöl málsins, þar á meðal eptirrit eptir gjörðabók sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu af fundarhaldi 15.—16. þ. m., brjef til amtsráðsins dags. 18. þ. m. frá þingmönnum Snæfellsness- og Hnappadals, Dala- og Barðastrandar-sýslna og eptirrit af brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 20. þ. m. til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um skyldu þá, er hvílir á sýslunefnd þeirri, er í hlut á, samkv. tilsk. 4. maí 1872 til að gjöra nauðsynlega ráðstöfun til, að afstýra yfirvofandi hallæri. Þjer hafið jafnframt, herra amtmaður, álitid það æskilegt, að það verði nú þegar brýnt fyrir sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu — eptir fyrirskipun minni — að engra gjafa tjái að vænta sýslunni til handa úr